

2 inum tilkynningarár og tilkynningardagur kaupmálans. Í þriðja dálkinum skrásetningarár og skrásetningardagur hans. Í fjórða dálkinum nafn, staða og heimili mannsins. Í fimta dálkinum nafn, staða og heimili konunnar. Í sjötta dálkinum bókstafseinkenni (ltra) og blaðsíða kaupmálabókar þeirrar, er kaupmálinn er færður inn í. Í sjöunda dálkinum tilkynningarár og tilkynningardagur kaupmálans til aðalskrár, sbr. 83. gr. laganna, og loks í áttunda dálki undirskrift valdsmanns. Á sama hátt skulu skrásettar tilkynningar eftir 13. og 46. gr. laganna.

Kaupmálabókin skal vera eins og venjuleg afsals- og veðmálabók og skal vera nafnaskrá aftan við hverja bók. Tölusetja skal hvern kaupmála og tilkynningu með áframhaldandi raðtölu, þannig, að kaupmálarnir og tilkynningarnar fái sömu raðtölu sem í dagbókinni.

Aftan við kaupmálann eða tilkynninguna í kaupmálabókinni skal setja tilkynningardag og skrásetningardag. Í nafnaskránni skulu nöfnin standa flokkuð eftir upphafsstöfunum í heiti hjónanna og í dálki aftan við hvert nafn bókstafseinkenni kaupmálabókar og blaðsíðutal það í bókinni, sem kaupmálinn byrjar á.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. jan. 1924

Sig. Eggerz.

Sigf. M. Johnsen.

3
2. jan.

REGLUGJÖRÐ

um innheimtu á skemtanaskatti þeim, er ræðir um í lögum nr. 40, frá 1923.

1. gr.

Aðgöngumiðar að skemtunum skulu stimplaðir af lögreglustjóra. Aðgang að skemtunum má ekki selja án þess að aðgöngumiðar sjeu afhentir, enda er seljanda ekki heimilt að taka aftur við aðgöngumiðum, nema hann greiði fult andvirði þeirra.

2. gr.

Aðgöngumiðar skulu þannig gjörðir, að þeir verði hæglega rifnir í tvent þá er þeir eru notaðir, þannig, að dyravörður haldi öðrum hlutanum en aðgangskaupandi hinum.

3. gr.

3
2. jan.

Stimplun aðgöngumiða skal annaðhvort fara fram á skrifstofu lögreglustjóra eða í prentsmiðju. Ef stimpla á í prentsmiðju, semur lögreglustjóri við prentsmiðjuna um stimplun miðanna, um leið og þeir eru prentaðir, með þar til gerðum stimpli eða stimpilmóti (eliché), sem lögreglustjóri afhendir prentara gegn skuldbindingu hans um, að hann skuli ekki misbrúka stimpilinn og að hann skuli afhenda lögreglustjóra og engum öðrum alla þá aðgöngumiða, sem hann setur stimpilinn á. Á hvern aðgöngumiða skal prentað verð hans og upphæð skemtanaskattsins.

4. gr.

Um leið og lögreglustjóri leyfir einhverja skemtun, sem aðgangur er seldur að og ekki er undanþegin skatti samkvæmt 3. gr. laganna, færir hann inn í sjerstaka bók nafn leyfishafa, tegund skemtunar og hvar og hvenær hún skuli haldin. Jafnframt setur hann í bókina raðtölu við skemtunina, og skulu allar skemtanir ársins merktar áframhaldandi raðtölum. Á eftir því, sem skráð er í bókina um hverja skemtun, skal ætla nægilegt rúm til að innfæra þar tölur miða þeirra, sem afhentir eru leyfishafa til sölu gegn kvittun hans, ritadri í bókina, að innfæra þar miða þá, sem ekki seljast og skilað er aftur, að innfæra útreikning skattsins af seldum miðum. Nú fellur leyfi til skemtunar niður, og skal þess þá getið í bókinni. Nú sannar leyfishafi fyrir lögreglustjóra, á þann hátt, er hann telur fullnægjandi, að nokkru af miðum hafi verið útbýtt kauplaust („fríbílæti“), og er þá rjett, að ekki sje greiddur skattur af þeim miðum, en lögreglustjóri telur þá miða í skemtanaskattsbókinni meðal skilaðra miða.

Um trygging og fyrirkomulag skattgreiðslu frá kvikmyndahúsum og öðrum skemtistofnunum, er rekin eru sem föst atvinnufyrirtæki, getur lögreglustjóri sett önnur ákvæði, svo sem um sundurliðaða og daglega bókfærslu seldra aðgöngumiða, er tryggi það, að skatturinn verði talinn rjett fram. Aðgöngumiðar skulu þó ætíð vera gjörðir eins og að framan segir.

5. gr.

Gjalddagi skemtanaskatts er næsti virkur dagur eftir að skemtun hefir verið haldin.

Þá er skemtanaskatturinn fyrir hvern ársfjórðung hefir verið innheimtur, skal lögreglustjóri þegar senda hann fjármálaráðuneytinu með brjefi þar sem hin senda fjárupphæð er tilgreind. Reikning yfir skemtanaskattinn úr umdæminu fyrir almanaksárið, skal lögreglustjóri hafa gjört svo tímanlega að hann geti sent hann tvíritaðan með fylgiskjölum til fjármálaráðuneytisins innan loka febrúarmánaðar þess árs, sem í hönd fer.

Ársreikning með skilagrein skal gera samkvæmt fyrirmyndum, er ráðuneytið sendir lögreglustjórum.

3

6. gr.

2. jan.

Fjármálaráðuneytið afhendir stjórn þjóðleikhússjóðsins skemtanaskatts-upphæðirnar eftir því sem þær berast ráðuneytinu.

7. gr.

Brot gegn reglugjörð þessari varða sektum, frá 50—500 kr., og skal farið með þau mál, er út af þeim rísa, sem opinber lögreglumál.

Í dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, 2. jan. 1924.

Sig. Eggerz.

Sigf. M. Johnson.

4

23. jan. Halldórssonar og Guðrúnar Þórðardóttur frá Laugabóli, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dóms- og kirkjumálaráðherra 23. jan. 1924. Skipulags-skráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir

Minningarsjóð Jóns Halldórssonar og Guðrúnar Þórðardóttur frá Laugabóli.

1. gr.

Sjóðurinn, sem er að upphæð kr. 4800.00, er stofnaður af erfingjum hjónanna Jóns Halldórssonar og Guðrúnar Þórðardóttur á Laugabóli í Nauteyrarhreppi í Ísafjarðarsýslu árið 1919, til fræðslu barna og unglunga í tjeðum hreppi, eins og síðar greinir. —

2. gr.

Skal sjóðurinn vera undir umsjón og ráðstöfun fræðslu- eða skólanefndar Nauteyrarhrepps, er sendi árlega skýrslu um ástand sjóðsins og útlutun hans til sýslunefndar Norður-Ísafjarðarsýslu.